

---

**1973 nr. 54 25. apríl****Lög um norrænan tækni- og iðnþróunar-  
sjóð**

Tóku gildi 24. maí 1973.

**■ 1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs, sem gerður var í Osló 20. febrúar 1973. Texti samningsins

fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim,<sup>1)</sup> og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

<sup>1)</sup> Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögum í Lagasafni 1995, bls. 840–841.

**■ 2. gr.**

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hér á landi.

Sjóðurinn er undanþeginn stimpilgjöldum af lánum og öðrum fjárskuldbindingum, er hann kann að taka á sig hér á landi.